



Skilmálar Landsbankans um FX-Trading

Landsbankinn hf. | Nr. 1545-01 | Desember 2021

Skilmálar þessir gilda um notkun viðskiptavinar á FX-Trading hjá Landsbankanum hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, Reykjavík (hér eftir Landsbankinn eða bankinn). FX-Trading er svæði á netinu þar sem viðskiptavinur skráir sig inn með auðkenningu, sem bankinn viðurkennir, til þess að stunda gjaldeyrisviðskipti. Aðgangur að FX-Trading er háður því að bankinn hafi samþykkt umsókn viðskiptavinar þess efnis.

Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans gilda samhliða skilmálum þessum. Ef ósamræmi er milli skilmála þessara og almennra viðskiptaskilmála Landsbankans þá skulu skilmálar þessir ganga framur.

Viðskiptavinur getur stundað gjaldeyrisviðskipti í FX-Trading með greiðslum á milli valinna gjaldeyrisreikninga viðskiptavinar hjá bankanum. Viðskiptavinur fær uppgengið tilboðsgengi í FX-Trading til grundvallar útreikningi í gjaldeyrisviðskiptunum. Viðskiptavinur getur samþykkt tilboðsgengið, hafnað því eða óskað eftir nýju tilboðsgengi. Þá getur viðskiptavinur valið uppgjörsdag (e. settlement date) innan þeirra takmarkana sem settar eru fram í kerfinu. Samþykki viðskiptavinur tilboðsgengi bankans sendir bankinn viðskiptavini staðfestingu á viðskiptunum (e. confirmation) í netbanka viðskiptavinar. Viðskiptavinur skal gera bankanum viðvart samdægurs hafi hann einhverjar athugasemdir við efni staðfestingarinnar. Hafi staðfesting á viðskiptum ekki verið send viðskiptavini í netbanka innan tveggja klukkustunda frá þeim tíma sem viðskiptavinur samþykkti tilboðsgengið þá teljast viðskipti ekki hafa átt sér stað.

FX-Trading er aðgengilegt á vef bankans. Til þess að viðskiptavinur geti nýtt sér þjónustu FX-Trading þarf búnaður viðskiptavinar að vera tengdur við internetið. Bankinn áskilur sér rétt til að ákveða einhliða þá þjónustu og þær samskiptaleiðir sem í boði eru í FX-Trading, sem og að breyta þjónustunni/samskiptaleiðum. Viðskiptavinur hefur leyfi til aðgangs og notkunar hugbúnaðar sem FX-Trading byggist á. Viðskiptavini er algerlega óheimilt að gera eða láta gera breytingar á hugbúnaði þeim sem tengist FX-Trading.

Landsbankinn sendir viðskiptavini notendanafn og lykilorð að FX-Trading í netbanka.

Ef viðskiptavinur er lögaðili þá er notendanafn og lykilorð sent í netbanka sérhvers notanda sem viðskiptavinur hefur veitt umboð til að stunda gjaldeyrisviðskipti í FX-Trading. Viðskiptavinur skal sjá til þess að notandi hafi kynnt sér skilmála þessa og að hann geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á viðskiptavini og notanda hvíla á grundvelli þeirra. Notandi skal vera lögráða og hann má ekki vera á vanskilaskrá með árangurslaust fjárnám eða gjaldþrota. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að eingöngu sá sem uppfyllir þessi skilyrði sé skráður sem notandi. Viðskiptavinur ber ábyrgð á að tilkynna bankanum án tafar, skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti, ef breyta eða loka á fyrir aðgang notanda að FX-Trading.

Eftir að viðskiptavinur eða notandi hefur skráð sig inn í FX-Trading ber viðskiptavinur ábyrgð á og er bundinn af öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru í FX-Trading. Sama gildir komist utanaðkomandi aðilar yfir upplýsingar um aðgang að FX-Trading eða fái aðgang að FX-Trading með öðrum hætti. Viðskiptavini og notanda ber að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi notendanafns og lykilorðs að FX-Trading. Viðskiptavini og notanda er óheimilt að láta notendanafn eða lykilorð öðrum í té og ber ávallt að gæta þess að enginn fái, sjái eða geti afritað notendanafn eða lykilorð. Viðskiptavini og notanda ber að gæta sérstakrar varúðar gagnvart fólkskum skilaboðum, t.d. SMS-skilaboðum eða tölvupósti með hlekk yfir á meinta innskráningarsíðu FX-Trading, sem viðskiptavinur eða notandi kann að fá send frá þriðja aðila í þeim tilgangi að fá uppgöfnar upplýsingar um notendanafn eða lykilorð og/eða svíkja út fé frá viðskiptavini. Varðveiti viðskiptavinur og notandi ekki upplýsingar um sérstakt notendanafn og lykilorð með öruggum hætti eða í samræmi við framangreint, t.d. með því að gæta ekki varúðar gagnvart fólkskum skilaboðum frá þriðja aðila, telst það vera stórfellt gáleysi af hálfu viðskiptavinar. Verði viðskiptavinur eða notandi þess áskynja að óviðkomandi aðili hafi reynt að fá eða hafi fengið vitneskju um sérstakt notendanafn og lykilorð skal slíkt tafarlaust tilkynnt til bankans. Til að tryggja öryggi skulu viðskiptavinur og notandi virkja læsingar á tækjum sem notaðar eru til innskráningar í FX-Trading. Bankinn ber ekki ábyrgð á notkun viðskiptavinar eða notanda á FX-Trading á vefsvæði bankans. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem notkun FX-Trading eða notkun tenginga við FX-Trading kann að valda. Bankinn ber heldur ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar sem hlýst af því að þriðji aðili fær aðgang að sérstöku notendanafni og lykilorði, t.d. á grundvelli falskra skilaboða, eða aðgang að upplýsingum tengdum FX-Trading. Þá ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem orsakast kann af fyrirvaralausri lokun FX-Trading, tenginga eða viðbóta við FX-Trading, t.d. vegna nauðsynlegra viðhaldsaðgerða, bilana í hug- eða vélbúnaði, uppfærslu skráa eða breytinga á kerfi.

Viðskiptavinur og notandi skulu að öðru leyti sýna varkárni við viðskipti í FX-Trading. Sinni viðskiptavinur eða notandi ekki aðgæsluskyldum sínum í samræmi við framangreint telst það vera stórfellt gáleysi af hálfu viðskiptavinar.

Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og tengist skilmálum þessum eða viðskiptum sem framkvæmd eru á grundvelli þeirra, ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af lagaboði, aðgerðum stjórnvalda eða óviðráðanlegum aðstæðum (force majeure), s.s. náttúruhamförum, styrjöldum, hryðjuverkum, verkföllum, lokun landamæra, rafmagnstruflunum eða rafmagnsleysi, truflunum í uppgjörskerfi, símkerfi eða öðrum boðleiðum, eða öðrum sambærilegum atvikum. Landsbankinn ber jafnframt ekki ábyrgð á óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi bankans.

Bankanum er heimilt, fyrirvaralaust og án tilkynningar, að loka aðgangi viðskiptavinar að FX-Trading eða takmarka notkun viðskiptavinar í FX-Trading, í heild eða að hluta, tímabundið eða varanlega, í eftirfarandi tilfellum: (a) ef grunur leikur á um óheimila eða svíksamlega notkun á FX-Trading, (b) ef grunur leikur á um brot á reglum eða skilmálum bankans, (c) ef grunur leikur á um að þriðji aðili hafi komist yfir aðgangsupplýsingar viðskiptavinar eða notanda, með eða án samþykkis viðskiptavinar, (d) vegna uppfærslu skráa, kerfisbreytinga eða annarra tæknilegra ástæðna eða öryggisástæðna eða (e) ef bú viðskiptavinar er tekið til gjaldþrotaskipta, ef viðskiptavinur leitar nauðasamninga, greiðslustöðvunar, eða ef fyrir hendi eru aðrar sambærilegar ástæður. Viðskiptavini er gert viðvart eins fljótt og kostur er. Séu ástæður fyrir lokuninni ekki lengur fyrir hendi skal bankinn opna fyrir notkunina. Bankanum er heimilt að loka fyrir aðgang viðskiptavinar að FX-Trading ef aðgangur hans hefur verið óvirkur samfelt í 6 mánuði eða lengri tíma.

Aðgangur að FX-Trading er uppsegjanlegur af beggja hálfu með eins mánaða fyrirvara.

Bankinn getur hvenær sem er gert breytingar á skilmálum þessum einhliða og án fyrirvara. Breytingar á skilmálunum eru tilkynntar viðskiptavini með skilaboðum í netbanka eða með almennri tilkynningu á vefsvæði bankans eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður.

Um skilmála þessa gilda íslensk lög, reglur og reglugerðir.